

Fundargerð 20. fundar í Próunarfélagi Keflavíkurflugvallar 18. mars kl. 09:30 á skrifstofu félagsins.

Mættir voru:

Magnús Gunnarsson, stjórnarformaður

Árni Sigfússon, varastjórnarformaður

Stefán Þórarinsson, stjórnarmaður

Kjartan Þór Eiríksson, framkvæmdastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar.

Fundargerð síðasta stjórnarfundar var borin upp og samþykkt af viðstöddum stjórnarmönnum.

2. Sala eigna

a. Kaupsamningur við Háskólavelli

Í framhaldi af kauptilboði Háskólavalla hefur verið unnið að gerð kaupsamnings. Kaupsamningurinn byggir að öllu leyti á kauptilboðinu sjálfu og er um að ræða nánari útfærslu á nokkrum atriðum kauptilboðsins. Kauptilboði er skipt upp á milli þriggja félaga í eigu kauptilboðsgjafa í samræmi við ákvæði kauptilboðs. Í samningnum er kaupverð uppfært í samræmi við uppfærðan fermetrafljólda.

Heildarkaupverð í kauptilboði var kr. 14.038.060.137,- og heildarfermetrar 155.707. Heildarfermetrar í kauptilboði voru áætlaðir út frá fyrirliggjandi upplýsingum. Við nákvæma uppmælingu og skráningu hjá FMR fengust hins vegar nákvæmri upplýsingar sem kaupsamningurinn er grundvallaður á. Gert var ráð fyrir að tölur myndu breytast í samræmi við það sem fram kemur í kauptilboði. Eftir uppmælingu er niðurstaðan því að heildarkaupverð í kaupsamningi er kr. 13.550.044.402 og heildarfermetrar 150.598. Mismunurinn er því kr. 488.015.735,-.

Aðrar nánari útfærslur eru þær að ítarlegri útlistun er á útgáfu veðheimilda og eru þær veittar í takt við sérstaka áfangaskiptingu greiðslna og greiðsluáætlun. Þá er ákvæði um að samningsaðilar skipti með sér kostnaði við gerð eignarskiptayfirlýsinga. Samningurinn var borinn upp til atkvæða og var hann samþykktur samhljóða af stjórn ÞK.

b. Kaupsamningsviðræður við AFS

Unnið er að gerð kaupsamnings við AFS. Framkvæmdastjóri mun halda áfram þeirri vinnu fyrir hönd félagsins.

c. Önnur tilboð.

Tekið var fyrir kauptilboð frá TC Offshore ehf. í byggingu 645.

Tilboðið var talið undir verðvæntingum auk þess sem sala á þessu húsi þarf að skoðast í samhengi við skipulagslega nýtingu svæðisins.

3. Staða verkefna.

a. Samningur um veitukerfi

Farið var yfir stöðu í viðræðum milli Hitaveitu Suðurnesja (HS) og ÞK. (Árni Sigfússon vék af fundi meðan málið var tekið fyrir.) Stjórn lýsti

áhuga sínum á að halda viðræðum áfram. Þá taldi stjórnin að gott gæti verið að fá fulltrúa frá HS til að koma og kynna sín sjónarmið. Mikilvægt er að hraða ákvörðun í málinu, sérstaklega hvað varðar rafdreifikerfi, í ljósi áætlunar um umbreytingu rafkerfis á svæðinu og bráðabirgðalaga því tengdu.

- b. Samningur um internetþjónustu nemendaíbúða.  
Lagður var fyrir samningur við Símann um internetþjónustu í nemendaíbúðir. Samningnum er ætlað að leysa til skemmri tíma internettengingar í nemendaíbúðir og koma þar með fjarskiptakerfinu á svæðinu í gagnið á ný. Stjórnin samþykkti samninginn fyrir sitt leyti og gaf framkvæmdastjóra heimild til að ganga frá málum.
- c. Samningur við Landhelgisgæsluna.  
Tekið var fyrir erindi frá Landhelgisgæslunni (LH) vegna hreinsunar á afmörkuðum svæðum á fyrrum varnarsvæðinu. Verkefnið lýtur að hreinsun mengunar og er í samræmi við þjónustusamning ÞK við ríkið. Stjórnin ákvað að fela framkvæmdastjóra að útfæra málið og klára samningsgerð.
- d. Umsókn Atlantsolíu um lóð.  
Tekin var fyrir umsókn frá Atlantsolíu um lóð undir bensínstöð. Stjórnin telur að slík úthlutun þurfi að bíða nánari útfærslu á skipulagsmálum svæðisins en tók að öðru leyti ekki formlega afstöðu til erindisins.

#### 4. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri fór yfir Indlandsferð og þá fundi sem hann átti þar. Fulltrúar eins af þeim aðilum sem kynnst var í ferðinni komu til Íslands nýverið til að kynna sér fjárfestingartækifæri í heilbrigðistengdri uppbyggingu. Framkvæmdastjóri mun fylgja þeim hugmyndum eftir ásamt öðrum hugmyndum og tækifærum sem fram komu á fundum á Indlandi.

Tekið var fyrir erindi varðandi aðkomu ÞK að reisingu listaverks sem ber heitið „Fuglinn Fönix“. Lögð var fram kostnaðaráætlun í verkið. Stjórn fól framkvæmdastjóra að skoða málið nánar.

Borin var upp tillaga um að aðalfundur félagsins fyrir árið 2008 yrði haldinn 23. apríl nk.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.